

REGLUGERÐ

um heimild rækjuvinnslustöðva til móttöku á úthafsrækju árið 1988.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rækjuvinnslustöðva, sem vinnslu höfðu hafið á úthafs-rækju fyrir gildistöku laga nr. 12, 25. apríl 1975, um samræmda vinnslu sjávarafra og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum og ennfremur rækjuvinnslustöðva, sem leyfi hafa fengið til rækjuvinnslu á grundvelli þeirra laga og ekki hafa hætt rekstri.

2. gr.

Ráðuneytið skal tilkynna hverri rækjuvinnslustöð, sbr. 1. gr., bréfluga hámark þess rækjumagns sem heimilt er að taka til vinnslu árið 1988.

Rækjuhámark skv. 1. mgr. miðast við rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og landað er, ferskri eða frystri, til vinnslu.

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. taka ákvæði reglugerðar þessarar ekki til rækju, sem veidd er á svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40' V og að norðan af 64°05' N.

3. gr.

Hámarksvinnsluheimild hverrar rækjuvinnslustöðvar, sbr. 1. gr., skal vera meðaltal þeirra tveggja ára á árabílinu 1984–1987, þegar mest magn af úthafs-rækju, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr., var tekið til vinnslu hjá viðkomandi vinnslustöð, þegar það meðaltal hefur verið hækkað upp í næsta heila hundrað lesta.

Reynist reiknuð hámarksvinnsluheimild stöðvar, sbr. 1. mgr., vera innan við 2.000 lestir, skal bæta 10% álagi við þá tölu við ákvörðun vinnsluhámarks en sé reiknuð hámarksvinnsluheimild innan við 1.000 lestir, skal bæta við 15% álagi. Hámarksvinnsluheimild hverrar einstakrar rækjuvinnslustöðvar skal þó aldrei nema minna en 500 lestum.

Við úthlutun hámarksvinnsluheimilda er heimilt að taka sérstakt tillit til þess, ef rækjuveiðiskip, eitt eða fleiri, eru í eigu sömu aðila og rækjuvinnslustöðin, þannig að bætt sé við reiknaða hámarksvinnsluheimild skv. 1. og 2. mgr. allt að 30% af úthlutaðri rækjuveiðiheimild skips eða skipa. Þessi heimild skal þó aldrei leiða til þess að rækjuhámark til vinnslu verði hærra en veiðiheimildir skipsins eða skipanna.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr., skal hverri rækjuvinnslustöð heimilt frá gildistöku reglugerðar þessarar og til ársloka 1988, að taka á móti helmingi þess rækjumagns, sem kemur í hennar hlut á öllu árinu samkvæmt reglum 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Forráðamenn þeirra rækjuvinnslustöðva, sem tekið hafa á móti meira en helmingi rækjumagns, skv. 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu fyrir 15. júlí 1988 senda sjávarútvegsráðuneytinu skýrslu um móttekið magn af úthafs-rækju frá 1. janúar 1988 til þess dags er reglugerð þessi tekur gildi.

4. gr.

Hámarksvinnsluheimildir einstakra rækjuvinnslustöðva eru óframseljanlegar. Ráðherra er heimilt að sameina rækjuhámark tveggja eða fleiri vinnslustöðva í sama sveitarfélagi komi eignaraðilar sér saman um sameiningu þeirra enda hafi hlutaðeigandi vinnslustöðvar verið í rekstri í a.m.k. þrjú undanfarin ár.

5. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd reglugerðar þessarar skal ráðherra úrskurða þar um, að fenginni umsögn Félags rækju- og hörpuðiskframleiðenda.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 12, 25. apríl 1975, um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 12, 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

STARFSREGLUR

um öryggisfræðslu sjómanna.

1. gr.

Markmið öryggisfræðslu sjómanna er að auka öryggi sjómanna með almennri fræðslu um öryggismál sjómanna, þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og slysavörnum og miðlun upplýsinga.

2. gr.

Halda skal námskeið fyrir sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöð-um landsins. Skal að því stefnt að allir starfandi sjómenn taki þátt í námskeiðunum.

Námskeið skv. 1. mgr. skulu miða að því að nemendur fái sem víðtækasta fræðslu og þjálfun varðandi öryggismál á sjó. Sérstök áhersla skal lögð á kennslu í meðferð björgunarbúnaðar og aðferðir til björgunar úr lífsháska, slysa- og brunavarnir og reykköfun.

Á námskeiðunum skal ennfremur fjalla um ákvæði gildandi laga og reglna hér að lútandi.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar 9 manna öryggisfræðslunefnd sem hefur með höndum stjórn öryggisfræðslunnar. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hinir sjö skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Siglingamálastofnun ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Landssambandi smábátaeigenda.

Nefndin skal beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna í samræmi við 1. gr. starfsreglna þessara og gera tillögur til stjórnvalda um tilhögun öryggisfræðslunnar.

Nefndin getur falið þremur nefndarmönnum að fjalla sérstaklega um námskeiðahald um öryggismál sjómanna á vegum Slysavarnaskóla sjómanna. Einnig er nefndinni heimilt að mynda starfshópa um einstaka þætti öryggisfræðslu sjómanna.

4. gr.

Slysavarnafélag Íslands annast framkvæmd öryggisnámskeiða sjómanna með starf-rækslu Slysavarnaskóla sjómanna.

Félagið skal gera áætlanir um námskeiðahald, námsskrá, lengd námskeiða og kostnað til eins árs í senn. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. október ár hvert.